

Hafnarfirði 31.mars 2025

Erindi: *Tungumálatöfrar* óska eftir styrk frá Ísafjarðarbæ í formi afnota á Grunnskóla Öndarfjarðar og samkomuhúsinu á Flateyri fyrir sumarnámskeið *Tungumálatöfra* dagana 5. - 9. ágúst 2025

Góðan dag,

Um leið og við þökkum kærlega fyrir veittan stuðning í gegnum árin þá óskum við, líkt og í fyrra, eftir að fá afnot af Grunnskóla Öndarfjarðar og samkomuhúsinu á Flateyri til að hýsa námskeiðið *Tungumálatöfrar* sem farið hefur fram á Ísafirði og á Flateyri undanfarin ár. Í fyrra fór námskeiðið alfarið fram á Flateyri og heppnaðist það mjög vel enda hentar skólahúsnæðið einstaklega vel fyrir námskeiðið og stutt er út í náttúruna.

Tungumálatöfrar er námskeið þar sem börn með annað móðurmál en íslensku hafa tækifæri til að efla íslensku kunnáttu sína í gegnum útiveru og listsköpun. Á námskeiðinu fá börnin að tengjast hvort öðru í öruggu umhverfi sem hvetur þau til að tala íslensku með sínum einstaka hætti. Börn með íslensku að móðurmáli hafa einnig sótt námskeiðið og verið ómissandi leiðbeinendur þeirra sem þurfa aðstoð við íslenskuna. Þá hafa myndast dýrmæt vinatengsl í gegnum árin sem hafa blómstrað.

Óskað er eftir styrk sem nemur leigu á samkomuhúsi og grunnskólanum umrædda daga.

Með von um góðar undirtektir,

Anna S. Sigurðardóttir, verkefnastjóri *Tungumálatöfra*

Sími:6153378

Netfang: tungumalatofrar@gmail.com